


X

LAXVEIÐIN 1991

GUÐNI GUÐBERGSSON  
FRIDPJÓFUR ÁRNASON

mars 1992

VMST-R/92012



Laxveiði

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf

VAGNHÖFÐA 7  
112 REYKJAVÍK  
S: 91-676400  
FAX: 91-676420

## **INNGANGUR**

Úrvinnslu veiðiskýrslna fyrir laxveiðina 1991 er nú lokið. Eins og verið hefur sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir veiðitímann og þeim var síðan safnað saman að honum loknum. Í flestum tilfellum bárust bækurnar fljótt en þó var einstaka undantekning sem seinkaði útgáfu heildarsamantektar.

Veiðitími fyrir lax og göngusilung ár hvert er 3 mánuðir á tímabilinu frá 20. maí til 20. september skv. lögum nr:76 frá 1970.

## **AÐFERÐIR**

Úrvinnsla veiðiskýrslna er með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987; Guðni Guðbergsson 1988; 1989; 1990; 1991). Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd, veiðarfæri og veiðistaði séu þeir númeraðir til auðveldunar skráningu þeirra.

Heildarfjöldi veiddra laxa er lagður saman ásamt heildar- og meðalþunga veiðinnar. Laxveiðinni er skipt í smálaxa og stórlaxa og er átt við að smálax séu þeir laxar sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur. Þyngdarbilið sem skipting í smálax og stórlax liggur á getur verið breytilegt milli áa og ára. Hér er skiptingin gerð þannig að hængar 8 pund og þyngri eru taldir vera tveggja ár úr sjó en hrygnur 7 pund og þyngri. Skipting sem þessi er góð nálgun við raunverulega skiptingu (Guðni Guðbergsson 1989). Þyngd laxfiska er jafnan gefin upp í pundum en 1 pund er skilgreint sem 500 grömm.

Veiðin í hverjum landshluta er tekin saman fyrir sig og er landshlutaskiptingin sú sama og skipting kjördæma.

Líkt og undanfarið er tekinn saman listi valinna áa, yfir tímabilið frá 1974 - 1991. Á því tímabili eru upplýsingar á tölvutæku formi og einnig að miklu leyti sambærilegar milli ára. Breytingar í veiði lýsa í grófum dráttum breytingum í laxgengd. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta veiði á tímabilinu og mesta veiði.

Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiðina nema að þar eru sjaldnast til upplýsingar um einstaka fiska en þess í stað er stuðst við heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Á Vesturlandi var upplýsingum safnað af Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.) og á Suðurlandi af Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.).

Tölur um fjölda laxa sem endurheimtust úr hafbeit eru teknar með í þessari skýrslu enda oft erfitt að draga skýr mörk milli hafbeitar og fiskræktar. Samanlagt gefa tölur um endurheimtur úr hafbeit og veiði á náttúrulega framleiddum laxi í íslenskum vatnakerfum hugmynd um fjölda íslenskra laxa í úthafinu. Um endurheimtur í hafbeit er stuðst við skýrslu Stefáns Eiríks Stefánssonar og Jóhannesar Sturlaugssonar (1992) og um skiptingu milli landshluta eru upplýsingar fengnar frá Stefáni Eiríki Stefánssyni (munnl. uppl.).

#### **LAXVEIÐIN 1991**

Heildarlaxveiði á Íslandi sumarið 1991 samkvæmt veiðiskýrslum var 41.946 laxar sem skiptust þannig að 31.492 laxar veiddust á stöng, 5.946 laxar veiddust í net í ám, 4.508 í net í sjó (mynd 1). Auk þess endurheimtust 133.203 laxar úr hafbeit (tafla 1). Heildarpungi veiddra laxa samkvæmt veiðiskýrslum var 130,1 tonn sem skiptist þannig að 98,1 tonn veiddust á stöng, 19,5 tonn í net í ám, 12,5 tonn í sjó. Úr hafbeit endurheimtust og 375,4 tonn af laxi.

Heildarfjöldi laxa á árinu 1991 var sá mesti frá upphafi (tafla 2) ef hafbeitarlaxar eru teknir með, en fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa var sá hæsti frá upphafi (mynd 2).

Samanlagður fjöldi stang- og netveiddra laxa er 20% minni en meðalveiði og sá fimmsti minnsti ef litið er til tímabilsins 1974 - 1991 (tafla 2). Stangveiðin 1991 var 11.9% undir meðaltali áranna 1974 - 1991. Netaveiðin var 36.6% minni en meðalveiði sömu ára og var nú sú minnsta á tímabilinu frá 1974 - 1991.

### **Stangveiðin**

Heildarstangveiði á Íslandi 1990 var 31.492 laxar og vógu þeir samtals 98,1 tonn. Flestir laxar veiddust á Vesturlandi 13.738 en fæstir á Vestfjörðum 1.682 (töflur 6 - 12). Að þunga til var veiðin einnig mest á Vesturlandi 41,2 tonn en næstmest á Norðurlandi vestra 17,7 tonn.

Flestir laxar veiddust í Þverá og Kjarrá 1.979 en næst mest í Laxá í Aðaldal 1.439 og í þriðja sæti var Laxá í Kjós með 1.328 veidda laxa. Röð 10 efstu laxveiðiánnna er sýnd í töflu 3.

Í veiðiskýrslur voru í heild skráðir 41.406 silungar. Samkvæmt veiðiskýrslum veiddist mest af silungi á Norðurlandi eystra (töflur 6-12) og á það bæði við um bleikju og urriða. Alls voru skráðir 17.015 urriðar og 24.391 bleikjur. Af einstökum ám veiddust flestir urriðar á silungasvæði Laxár á Ásum 4.121 (tafla 4) og flestar bleikjur í Eyjafjarðará 2.836 (tafla 5).

Af þeim stangveiddu löxum sem voru þyngdarmældir voru 22.878 (73%) sem verið höfðu eitt ár í sjó en 8.614 (27%) tvö ár eða lengur (tafla 13). Í stangveiði var fjöldi eins árs laxa 15.8% af heildarfjölda eins árs laxa, fjöldi tveggja ára laxa í stangveiði var 28.2% af heildar fjölda tveggja ára laxa (tafla 14).

Veiðiálag af völdum stangveiði var metið í Elliðaánum

1989 og var það 41% (Þórólfur Antonsson 1990) 44% 1990 (Þórólfur Antonsson 1991) og 37% 1991 (Þórólfur Antonsson 1992). Líklegt er að stangveiðiálag í íslenskum laxveiðiám sé á bilinu 30 - 80% (Þór Guðjónsson 1986).

Nokkuð bar á eldis- og hafbeitarlaxi í stangveiði í ám við Faxaflóa. Veiðin í þessum ám er því nokkru hærri en hún hefði verið ef eingöngu um náttúrulega framleiðslu þessara áa væri að ræða. (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1992). Þannig var fjöldi veiddra laxa af náttúrulegum uppruna í Elliðaánum 702 af þeim 1.127 sem veiddust. Hlutfall laxa af eldisuppruna var því 37.6%.

Likt og gert hefur verið undanfarin ár er gefin veiði valinna áa frá 1974 ásamt reiknuðu meðaltali, minnstu- og mestu veiði tímabilsins (tafla 15).

### **Netaveiðin**

Heildarlaxveiði í net í ám á Íslandi 1991 var 5.946 laxar sem vógu 19.5 tonn. Í net veiddust flestir laxar á Suðurlandi 4.723. Í Ölfusá veiddust 1.963 laxar, 1.596 í Hvítá, 1.110 í Þjórsá og 54 í Skaftá (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.). Í Borgarfirði veiddust nú einungis 127 laxar í net á Hvítár svæðinu sem er mikil minnkun á veiði en þar er nú einungis veitt í fá net samanborið við fyrri ár (Sigurður Már Einarsson, munnl. uppl.) Netaveiði í ám var einhver í öllum landshlutum nema á Reykjanesi (tafla 1). Í netaveiði í sjó veiddust 4.508 laxar sem vógu 12.5 tonn. Þeir veiddust allir í net við Vesturland en lögleg sjávarveiði er stunduð þar frá fimm jörðum. Aukning á laxveiði í sjó var því rétt tæpir 2.000 laxar miðað við árið 1990.

### **Hafbeit**

Í hafbeit endurheimtust alls 133.203 laxar sem vógu 375 tonn. Flestir laxar endurheimtust í hafbeitarstöðvar á Vesturlandi og á Reykjanesi (tafla 1). Fjöldi

endurheimtra laxa í hafbeit 1991 var sá mesti frá upphafi enda sleppt um 5.6 milljón gönguseiðum 1990, alls mun um 6 milljón gönguseiðum hafa verið sleppt til hafbeitar árið 1991 ( Stefán Eiríkur Stefánsson og Jóhannes Sturlaugsson 1992).

#### UMRÆÐUR

Nýting laxveiði á Íslandi hefur verið með mjög líku sniði undanfarin ár og segja má að veiðin endurspegli nokkuð vel laxgengd í árnar. Almennt var sumarið 1991 frekar óhagstætt til veiða framan af sumri vegna lítils vatnsrennslis í ánum. Úr því rættist er líða tók á sumar. Veiðin sumarið 1991 var svipuð því sem laxgengdin gaf tilefni til. Lítillsháttar aukning var í veiði frá 1990. Lax sem sloppið hefur úr eldiskvium og villst úr hafbeit kom fram í veiði einkum næst þeim stöðum sem slik starfsemi er stunduð á. Þessir fiskar eru taldir með í fjölda veiddra laxa.

Netaveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði var nær engin enda einungis fáar lagnir þar notaðar, þar sem veiðiréttur þeirra hefur verið leigður. Talsverð aukning varð í veiði laxa í sjó á þeim fimm jörðum sem slik veiði er stunduð á. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til aukins fjölda laxa í sjó en sú aukning stafar af stórfelldum sleppingum laxaseiða í hafbeit. Aukin umferð laxa með ströndinni kemur þar með fram í aukningu í veiði í sjó. Þrátt fyrir aukningu í veiði lækkar hlutfallslega sá fjöldi sem veiðist í net í sjó af heildargöngu laxa að landinu. Þar er vikufriðun og veiðni neta væntanlega farin að takmarka veiðina.

Það hefur sýnt sig að nær allar ár í sama landshluta eru með sambærilega sveiflu í veiði. Það eru því umhverfisskilyrði sem ráða mestu um veiði og þá ekki síst vorið sem gönguseiðin ganga til sjávar sem ráða miklu um

stærð laxgöngunnar árið eftir. Kemur þar til bæði fjöldi gönguseiða sem nær gönguprokska og gengur til sjávar og ekki síður afföll þeirra í sjó en talið er að þau séu mest á fyrstu vikum sjávardvalar.

Svipaður fjöldi silunga var skráður í veiðinni 1991 og var 1990. Þá varð mikið stökk vegna bættrar skráningar og eins vegna aukinnar ástundunar silungsveiði. Þrátt fyrir þessa aukningu er enn talsvert í land með að öll silungusveiði sé skráð og er það eitt af þeim framtíðarverkefum sem þarf að vinnast í samvinnu við veiðimenn og veiðiréttarhafa.

Hér skal ítrekað að ef veiðiréttarhafar skrá númer á veiðistaði fæst skipting veiðinnar eftir númerum við úrvinnslu hverrar veiðiár.

Nú hefur tekist að flyta úrvinnslu veiðiskýrslna nokkuð frá því sem verið hefur. Ljúka þarf úrvinnslu enn fyrr og þurfa veiðibækur að hafa borist Veiðimálastofnun í síðasta lagi 1. desember.

#### **ÞAKKARORD**

Sigurður Már Einarsson safnaði netaveiðiskýrslum á Vesturlandi og Magnús Jóhannsson á Suðurlandi. Sigurður Guðjónsson og Þórólfur Antonsson lásu yfir handrit.

Ofantöldum aðilum kann ég bestu þakkir og síðast en ekki síst hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar.

**HEIMILDIR**

Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1992.

Hlutdeild eldislax í nokkrum ám á Vesturlandi 1991,  
VMST-R/92004.

Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987. Laxveiðin  
1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/87014.

Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987. Skýrsla  
Veiðimálastofnunar, VMST-R/88026.

Guðni Guðbergsson 1989. Laxveiðin 1988. Skýrsla  
Veiðimálastofnunar, VMST-R/89019.

Guðni Guðbergsson 1990. Laxveiðin 1989. Skýrsla  
Veiðimálastofnunar, VMST-R/90016.

Guðni Guðbergsson 1991. Laxveiðin 1991. Skýrsla  
Veiðimálastofnunar, VMST-R/91017.

Stefán Eiríkur Stefánsson og Jóhannes Sturlaugsson 1992.  
Framleiðsla í íslensku fiskeldi árið 1990. VMST-  
R/92008.


Pór Guðjónsson 1986. Exploitation of Atlantic Salmon in  
Iceland. Í Atlantic Salmon: Planning for the  
future; ritstj. Derik Mills og David Piggins.

Pórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1990.  
Rannsóknir á fiskstofnum vatnasviðs Elliðaánnar 1989.  
Veiðimálastofnun skýrsla, VMST-R/90012.


Pórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1991.  
Rannsóknir á fiskstofnum vatnasviðs Elliðaánnar 1990.  
Veiðimálastofnun skýrsla, VMST-R/91018

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1992.

Rannsóknir á fiskstofnum vatnasviðs Elliðaánnar 1991.  
Veiðimálastofnun skýrsla, í undirbúningi.



Mynd 1. Laxveiði á Íslandi 1974 - 1991, skipt í stangveiði og netaveiði.



Mynd 2. Fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeit á árunum 1974 - 1991.

**Tafla 1. Heildarfjöldi og heildarþyngd veiddra laxa á Íslandi 1991, skipt eftir veiðiaðferðum og landshlutum (kjördæmum).**

LANDSHLUTI	STANGVEIDI		NETAVEIDI		HAFBEIT		SAMTALS		%af þyngd	
	fjöldi	þyngd	fjöldi	þyngd	fjöldi	þyngd	fjöldi	þyngd	fjölda	þyngd
Reykjanes	3836	20170			52219	316271	56055	336461	32.0	33.3
Vesturland	13738	82355	4635	25843	75917	402903	74290	511101	53.8	50.6
Vestfirðir	1682	9039	305	1220	100	480	2087	10739	1.2	1.1
Norðurland vestra	5052	35396	324	2268	61	272	5437	37936	3.1	3.8
Norðurland eystra	3176	22793	445	3414	4786	29950	3407	56157	4.8	5.5
Austurland	1846	11571	22	139			1868	11710	1.1	1.2
Sudurland	2162	14915	4723	31236	120	316	7005	46967	4.0	4.6
samtals:	31492	196239	10454	64120	133203	750712	175149	1011071	100.0	100.0
Samtals þyngd kg		98120		32060		375356		505536		

**Tafla 2. Heildarfjöldi veiddra laxa á Íslandi 1974 - 1991 skipt eftir veiðiaðferðum. Reiknað er hlutfall náttúrulega framleiddra laxa af heildarveiðinni.**

AR	STANGVEIDI	NETAVEIDI	HAFBEIT	HEILDARV	NATTÓRUL. VEIDI	HLUTFALL NATTÓRUL. AF HEILD
1974	34107	18044	3765	35916	52151	93.27
1975	45882	20402	7720	74004	66284	89.57
1976	39249	17130	3247	59626	56379	94.55
1977	41302	20864	2405	64571	62166	96.28
1978	52679	25946	1953	80578	78625	97.58
1979	43955	18306	1967	64228	62261	96.94
1980	30007	18992	3138	52137	48999	93.98
1981	27777	14478	4626	46881	42255	90.13
1982	24671	11107	5340	41118	35778	87.01
1983	29267	17761	11194	58222	47028	80.77
1984	23582	10912	6595	41089	34494	83.95
1985	31621	14942	19750	66313	46563	70.22
1986	46671	20437	24100	91208	67108	73.58
1987	33907	13960	14140	62007	47867	77.20
1988	47979	18781	64017	130777	66760	51.05
1989	30082	11738	48617	90437	41820	46.24
1990	29443	12339	90726	132508	41782	31.53
1991	31492	10454	133203	175149	41946	23.95
MEÐALTAL 1974-1991	35760	16477	24806	77043	52237	67.30

Tafla 3. Tíu aflahæstu laxveiðiárnar 1991.

Nafn ár	fjöldi veiddra laxa
1. Þverá og Kjarrá	1979
2. Laxá í Aðaldal	1439
3. Laxá í Kjós	1328
4. Grímsá og Tunguá	1294
5. Norðurá	1267
6. Laxá í Döllum	1227
7. Elliðaár	1127
8. Miðfjarðará	1112
9. Langá	951
10. Laxá í Leirársveit	850

Tafla 4. Fimm aflahæstu urriðaveiðiárnar 1991.

Nafn ár	fjöldi veiddra urriða
1. Fremri Laxá á Ásum	4121
2. Laxá í Aðaldal ofan Brúa	2792
3. Vatnsdalsá	1851
4. Grenlækur	1648
5. Laxá í Aðaldal neðan Brúa	1465

Tafla 5. Fimm aflahæstu bleikjuveiðiárnar 1991.

Nafn ár	fjöldi veiddra bleikja
1. Eyjafjarðará	2836
2. Flókadalsá í Fljótum	2198
3. Vatnsdalsá	1851
4. Vesturdalsá	1402
5. Hörgá	1394

Tafla 6. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Reykjanesi (Reykjaneskjördæmi) 1991. (Þyngd er í pundum, 1 pound = 500 grömm).

Nafn árs	fjöldi laxa	þyngd laxa	heildar medálþ.	fjöldi smálax	fjöldi smálax	fjöldi stórlax	fjöldi áþyng	fjöldi urriða	fjöldi blískja	hlutfall smálax/ stórlax
Elliðaár	1127	5395	4,79	1031	4,4	86	9	0	0	10,7 4 1
Ólfarsá (Korpa)	238	1005	4,22	229	4,0	9	9,2	0	23	10,4 4 1
Leirvogssá	435	2012	4,63	387	4,1	46	9,4	2	28	12,4 4 1
Kíðafellsá	60	272	4,53	57	4,4	3	7,8	0	13	19,0 4 1
Laxá í Kjós	1328	7831	5,90	1014	4,7	311	9,7	3	10	3,3 4 1
Bugða	265	1588	5,99	217	5,1	48	10,2	0	1	0 4 1
Brynjúdalsá	235	1281	5,45	192	4,6	42	9,5	1	6	4,6 4 1
Botnsá	148	786	5,31	125	4,5	23	9,8	0	21	5,4 4 1
Reykjanes samtals	3836	20170	5,26	3252		578	6	101	14	5,5 4 1

**Tafla 7. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vesturlandi 1991. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).**

Nafn ár	fjöldi laxa	þyngd laxa	heildar meðalþ.	fjöldi smá lax	fjöldi smá lax	fjöldi stórlax	fjöldi á mynd	fjöldi urriða	fjöldi bleikja	hlutfall smá lax/ stórlax	
Selos og Þverá	44	304	6.71	29	5	15	10.3	0	2	0	1.9 ± 1
Laxá í Leirársveit	850	5098	6.00	630	4.6	215	10.2	5	221	4	2.9 ± 1
Hafnará	277	1468	5.30	190	4.2	39	10.6	48	2	1	4.7 ± 1
Ándakilsá	134	774	5.78	105	4.7	29	9.6	0	3	12	3.6 ± 1
Hvítá í Borgarfirði	572	3537	6.18	418	4.7	154	10.1	0	613	15	2.7 ± 1
Grimsá og Tunguá	1294	6924	5.35	1086	4.5	204	9.8	4	250	1	5.5 ± 1
Þverá og Kjárrá	1979	13180	6.66	1278	4.9	701	9.8	0	113	13	1.8 ± 1
Flokadalssá	350	1809	5.17	307	4.6	43	9.5	0	35	0	7.1 ± 1
Reykjadalsá	157	1001	6.38	123	5.3	32	10.6	2	35	0	5.8 ± 1
Norðlingafljót	242	1553	6.42	186	4.9	56	11.5	0	9	5	3.3 ± 1
Norðurá	1267	7803	6.16	832	4.7	425	9.0	10	54	36	2.0 ± 1
Gljúfurá	171	811	4.74	157	4.4	14	8.6	0	16	0	11.2 ± 1
Langá	951	5003	5.26	827	4.6	122	9.7	2	8	18	6.8 ± 1
Urridá	13	64	4.82	11	4.4	2	8.0	0	32	1	5.6 ± 1
Hitara	393	2045	5.20	348	4.7	45	9.2	0	23	518	7.7 ± 1
Haffjarðará	711	4537	6.38	534	5.2	173	9.9	4	9	5	3.1 ± 1
Núpá	56	340	6.07	41	5.1	15	8.8	0	88	46	2.7 ± 1
Öræfumjardará	308	1749	5.68	240	4.6	68	9.5	0	0	0	3.5 ± 1
Laxá í Miklaholtshré	26	149	5.73	20	4.8	6	8.7	0	42	82	3.3 ± 1
Lýsa	88	592	6.73	56	5.1	32	9.5	0	0	0	1.8 ± 1
Alftá	274	1674	6.11	212	5.1	62	9.7	0	184	4	3.4 ± 1
Fröðá	51	320	6.27	41	5.1	10	10.9	0	4	168	4.1 ± 1
Ötbergssá	117	625	5.34	98	4.5	19	9.4	0	3	2	5.2 ± 1
Laxá á Skógarströnd	101	644	6.38	77	5.1	23	10.5	1	0	1	3.3 ± 1
Dunká	104	554	5.33	83	4.4	21	9.1	0	4	0	4.0 ± 1
Hörðudalsá	77	435	5.85	59	4.5	18	9.5	0	0	451	3.3 ± 1
Örrauma á Skógarstr.	3	14	4.87	3	4.7	0	0.0	0	0	0	
Miðá og Tunguá	88	427	4.85	75	4.2	13	8.8	0	0	478	5.8 ± 1
Reukadalsá nedri	676	3588	5.31	541	4.3	135	9.4	0	0	74	4.0 ± 1
Reukadalsá efri	27	193	7.15	14	5.5	13	8.9	0	1	919	1.1 ± 1
Laxá í Dölum	1227	8487	6.92	827	5.3	399	10.3	1	10	57	2.1 ± 1
Faskrúð	183	1051	5.74	133	4.6	50	8.9	0	0	1	2.7 ± 1
Laxá í Hvammessv.	43	237	5.51	36	4.6	7	10.1	0	2	11	5.1 ± 1
Elíná	38	205	5.39	27	4.1	11	8.5	0	0	6	2.5 ± 1
Flestukadalsá	241	1196	4.96	200	4.1	40	9.3	1	42	40	5.0 ± 1
Órossá	100	493	4.93	91	4.5	9	8.7	0	50	21	10.1 ± 1
Búðardalsá	146	810	5.55	117	4.4	29	10.2	0	16	6	4.0 ± 1
Stððarhólsá og Hvols	327	2443	7.47	196	5.1	124	11.3	7	6	882	1.6 ± 1
Sigravíkursá	32	218	6.81	21	4.3	11	11.6	0	0	14	1.9 ± 1
Vesturland samtale	13738	82355	6.0	10269		3384		85	1847	3892	3.0 ± 1



Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi eystra 1991. (Þyngd er í pundum, 1 pound = 500 grömm).

Nafn ár	þjöldi laxa	þyngd laxa	heildar medálþ.	þjöldi smálax	meðalþ. smálax	þjöldi stórlax	meðalþ. stórlax	þjöldi ánpýng	þjöldi urriða	þjöldi bleikja	hlutfall smálax/ stórlax
Ólafsfjarðará	0	0		0	0.0	0	0.0	0	4	705	
Svarfaðardalsá											
Þorvaldsdalsá	41	238	5.80	33	5.0	8	9.0	0	2	478	4.1 : 1
Hörgá	3	23	7.67	2	5.0	1	12.5	0	79	1394	2.0 : 1
Eyjafjarðará	22	126	5.73	16	4.5	5	9.5	1	165	2836	3.2 : 1
Fnjóská	135	841	6.23	95	4.4	39	10.7	1	31	469	2.4 : 1
Djúpá	85	546	6.42	57	4.3	27	10.9	1	1	2	2.1 : 1
Skjálfandafljót	318	2126	6.69	155	4.4	155	11.2	8	79	331	1.0 : 1
Laxá í Áðaldal	1439	11826	8.22	766	5.0	670	11.9	3	1465	86	1.1 : 1
Laxá í Laxárdal	0	0		0	0.0	0	0.0	0	606	8	
Laxá í Mývatnseit	0	0	0.00	0	0.0	0	0.0	0	2186	2	
Reykjadalsá	191	1383	7.24	89	4.7	102	9.5	0	0	0	0.9 : 1
Mýrarkvísl	243	1456	5.99	180	4.5	63	10.3	0	0	0	2.9 : 1
Litluárvötn	21	131	6.24	15	4.8	6	9.8	0	784	368	2.5 : 1
Skjálftavatn	3	43	5.38	7	4.7	1	10.0	0	45	29	7.0 : 1
Brunná	2	19	9.50	0	0.0	2	9.5	0	66	202	0.0 : 1
Deildará	88	620	7.05	48	4.5	40	10.0	0	10	15	1.2 : 1
Ormarsá	156	892	5.72	114	4.2	42	9.7	0	31	175	2.7 : 1
Bívalbarðá	136	847	6.23	95	4.4	41	10.4	0	21	23	2.3 : 1
Sandá	100	623	6.23	72	4.5	28	10.8	0	3	9	2.6 : 1
Hafrafloksá	123	673	5.47	102	4.6	21	9.9	0	14	51	4.8 : 1
Kverká	10	51	5.10	9	4.7	1	9.0	0	0	0	9.0 : 1
Hölkna	55	329	5.98	44	4.7	11	11.1	0	6	7	4.0 : 1
Samtals											
Norðurland eystra	3176	22793	7.18	1899		1263		14	5598	7190	1.5 : 1

*þótt Skýrsla barst ekki*

Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Austurlandi 1991. (Þyngd er í pundum, 1 pound = 500 grómm).

Nafn ár	fjöldi laxa	þyngd laxa	heildar meðalþ.	fjöldi smá lax	meðalþ. smá lax	fjöldi stórlax	meðalþ. stórlax	fjöldi ánþyng	fjöldi urriða	fjöldi bleikja	hlutfall smá lax/ stórlax
Miðjarð- og Kverká	101	627	6.21	68	4.3	33	10.1	0	1	3	2.1 : 1
Bæla í Vopnafirði	772	5011	6.49	491	4.6	238	10.5	43	9	105	2.1 : 1
Westurdalsá	116	853	7.35	57	4.4	59	10.2	0	4	1402	1.0 : 1
Horse Í Vopnafirði	642	3814	6.10	444	4.2	198	10.4	0	50	357	2.2 : 1
Bunnuðalsá	39	172	4.41	30	4.3	1	8.5	8	0	2	30.0 : 1
Gílsá og Seifljót	42	294	7.00	18	5.7	10	9.4	14	70	382	1.8 : 1
Fjarðará, Seyðisf.	18	94	5.22	15	4.6	3	8.3	0	1	97	5.0 : 1
Breiddalsá	116	606	5.22	98	4.7	15	8.6	3	169	22	6.5 : 1
Eastalsá											
Rosturland	1846	11571	6.3	1221		557		68	304	2370	2.2 : 1

**Tafla 12.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Suðurlandi 1991. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

Nafn ár	fjöldi laxa	þyngd laxa	heildar medálþ.	fjöldi smá lax	fjöldi smá lax	fjöldi stórlax	fjöldi stórlax	þyngd ánpýng	fjöldi urriða	fjöldi bleikja	hlutfall smá lax/ stórlax
Geirlandsá	93	525	5.65	78	4.9	15	9.6	0	88	50	5.2 : 1
Skaftá Vatnamót	5	33	6.60	4	5.6	1	10.0	0	367	5	4.0 : 1
Skaftá Mávab.Veiðis	0	0	0.00	0	0	0	0	0	57	0	
Holtsá *											
Grenlakur	4	17	4.25	4	4.3	0	0.0	0	1648	247	
Eldvatn í Meðallandi	13	76	5.85	11	5.1	2	9.5	0	27	3	5.5 : 1
Tungufljót	21	156	6.50	14	5.6	7	11.1	0	134	65	2.0 : 1
Kerl.dals- og Vatnsá	107	610	5.70	85	4.8	22	9.3	0	152	39	3.9 : 1
Heiðarvatn	2	10	5.00	2	4.8	0	0	0	301	213	
Rangár og Fiská	453	2315	5.11	407	4.5	43	10.4	3	163	65	9.5 : 1
Kálfá	37	320	8.65	13	4.3	24	11.0	0	86	29	0.5 : 1
Ölfusá	249	1694	6.80	178	4.9	71	11.4	0	70	17	2.5 : 1
Hvitá	391	3157	8.07	229	5.3	162	12.1	0	29	108	1.4 : 1
Hagaðs og Brúará	72	558	7.75	39	5.0	33	11.0	0	5	79	1.2 : 1
Stóra Laxá	286	2441	8.53	119	5.0	166	11.1	1	34	52	0.7 : 1
Sogið	396	2806	7.09	265	4.8	131	11.7	0	10	558	2.0 : 1
Asgarðslakur	14	77	5.50	12	4.7	2	10.5	0	0	0	6.0 : 1
Veiðifélag flóðamanna	18	107	5.94	13	5.1	5	8.2	0	391	84	2.6 : 1
Hlíðarvatn	1	13	13.00	0	0	1	13	0	0	270	
Samtals											
Suðurland	2162	14915	6.9	1473		685		4	3562	1906	

\* Skyrsla barst ekki

**Tafla 13.** Skipting stangveiddra laxa 1991, eftir sjávaraldri og landshlutum.

Landshlut	fjöldi smá lax	fjöldi stórlax
Reykjanes	3257	579
Resturland	10333	3405
Westfirðir	1375	307
Norðurland vestra	3234	1788
Norðurland eystra	1907	1269
Austurland	1266	580
Suðurland	1476	686
Samtals	22878	8614

**Tafla 14.** Skipting laxveiði á Íslandi 1991 í stórlax og smá lax.

Skipt.laxgöngu 1991	smá lax	stórlax
Stangveiði	22878	8614
Netaveiði	7133	3321
Hafbeit	114628	18575
Samtals	144639	30510





